

FW: Vinnsla á byggðakvóta

Til : Bragi Freyr Kristbjörnsson <bragi@fjallabyggd.is>
Frá : Sigríður Ingvarsdóttir <sigga@fjallabyggd.is>
Heiti : FW: Vinnsla á byggðakvóta
Málsnúmer : 2212033
Málsaðili : Matvælaráðuneyti
Skráð dags : 09.01.2023 15:24:59
Höfundur : Sigríður Ingvarsdóttir
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

From: Sverrir Björnsson ehf
Sent: mánudagur, 9. janúar 2023 12:04
To: Sigríður Ingvarsdóttir
Subject: Re: Vinnsla á byggðakvóta

Sæl Sigríður,

Sverrir Björnsson ehf kemur til með að vinna grásleppu áfram sem sjómenn geta nýtt til uppfyllingar á byggðakvóta, og hingað til hafa þeir bátar sem stunda grásleppuveiðar náð að uppfylla sína skyldur eingöngu með grásleppuafla sínum. Ég get ekki lofað því að við getum greitt verðlagsstofuverð fyrir þrosk á komandi vertíð. Í tölvupósti sem ég sendi þér í síðustu viku með tillögu okkar að óskum um sérreglur þá er það akkurat breyting á þessari grein reglugerðarinnar þar sem áfram yrði skylda á landa afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins en að vinnslum sé heimild að tegundaskipta við annan vinnsluaðila. Þannig geta bátarnir uppfyllt byggðakvótaskyldu sína á bæði grásleppunni og þroskinum þar sem að við gætum þá tekið við þroski á verðlagsstofuverði og tegundaskipt honum og fengið grásleppu til vinnslu í staðinn annarsstaðar frá.

Kveðja,

Sigurlína

mán., 9. jan. 2023 kl. 11:53 skrifaði Sigríður Ingvarsdóttir <sigga@fjallabyggd.is>:

| Heil og sæl

Nú liggur fyrir endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023.

Sveitarfélögum er gefinn frestur til 13. janúar n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023 er kveðið á um skilyrði um afhendingu byggðakvóta.

„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildistonnnum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthluta samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann og skal bæjar- eða sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.“

Fyrir hönd bæjarráðs leita ég nú eftir skriflegum svörum frá fiskverkendum í Fjallabyggð hvort þið hyggist taka á móti byggðakvóta ásamt mótframlagi byggðakvótaþega á komandi úthlutunarári og greiða fyrir það að lágmarki verðlagsstofuverð.

Bið ykkur að svara sem fyrst, eða í síðasta lagi fyrir lok þriðjudagsins 10. janúar með því að svara þessum tölvupósti til mín.

| Fyrirtæki | Netfang |
|-----------------------|--|
| S1 / G1 | s1ehf@simnet.is |
| Rammi hf | olafur@rammi.is |
| Sverrir Björnsson ehf | sverrirbjornssonehf@gmail.com |
| Knollur | knollur@simnet.is |
| Norlandia | asgeir@norlandia.is |

Kv. Sigríður

Sigríður Ingvarsdóttir

Bæjarstjóri

Beinn sími: 464 9102

Netfang: sigga@fjallabyggd.is

Gránugötu 24

580 Siglufjörður

Sími: 464 9100 / Fax: 464 9101
